

---

**F U N D A R G E R Ð**

<b>Fundur:</b>	<b>94. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Þriðjudagur 19. maí 2009, kl. 10:30-12:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Rarik, Bíldshöfða 9</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Gögn ársins 2008. 2) Stuðlar ársins 2008 og gögn til Orkustofnunar. 3) Umfangsmiklar rekstrartruflanir, skilgreining 72 klst. 4) Skráning kerfisbilana. 5) Ný útgáfa af skráningarkerfinu. 6) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:

START:

Nils Gústavsson  
Gunnar Haukur Gunnarsson  
Rúnar Svavar Svavarsson  
Ragnar Emilsson  
Ívar Þorsteinsson  
Egill Sigmundsson  
Steingrímur Jónsson  
Ragnar Stefánsson  
Kjartan Rolf Árnason  
Jón Vilhjálmsson  
Sigfús Guðlaugsson  
Kristín Haralda Cecildóttir

Landsnet:

Rarik:

Efla:

Fjarverandi:

- 0) NG sagði að Landsnet vildi skipta um fulltrúa í hópnum og mundi Ragnar Stefánsson koma í hans stað. Ragnar hefur einnig tekið við sem fulltrúi í STÖRST hópnum hjá Nordel. Hann sagði að Nordel væri að breytast og flytjast inn í ENTSO-E samstarfið og yrði hið samtengda norræna kerfi þar undirhópur. Ekki væri ákveðið hvernig Ísland mundi tengjast þessu en nefndur hefur verið sá möguleiki að eyríki ótengd kerfinu á meginlandi Evrópu yrðu sérstakur hópur. Hann gerði þó ráð fyrir að áfram yrði eitthvert samstarf við Nordel hópinn. SJ sagði að umsjón með truflanaskráningu væri farin frá sér og yfir til Kjartans og lagði því til að hann yrði fulltrúi Rarik í hópnum. Þessar breytingar á hópnum voru samþykktar.
- 1) JV sagði að allar veitur væru búnar að ganga frá gögnum síðasta árs nema Rafveita Reyðarfjarðar.

- 2) ÍP sagðist vera búinn að fá stuðla frá öllum veitunum nema Rafveitu Reyðarfjarðar. Hann sagðist senda gögn til CEER sem hefur tekið saman skýrslu með samanburði milli landa hvaða varðar gæði raforkuafhendingar ([http://www.energy-regulators.eu/portal/page/portal/EER\\_HOME](http://www.energy-regulators.eu/portal/page/portal/EER_HOME)). JV benti á að bætt hefði verið við í skjal Orkustofnunar sem veiturnar eiga að skila inn stuðlum fyrir allar truflanir bæði í eigin kerfi og þegar um er að ræða skerðingu frá Landsneti. ÍP sagði að markmið ættu einungis við kerfi viðkomandi veitu. NG spurði hvort þeir ættu að fara að skrá upplýsingar um kvartanir inn í skjalið. ÍP sagði að nýtt blað hefði bæst við í skjalið núna fyrir slíkt og væri ætlast til að veiturnar skráðu upplýsningar um slíkt. RSS sagði að Orkuveita Reykjavíkur hefði farið út fyrir markmið sín hvað varðar kerfismínútur vegna einnar stórrar truflunar á síðasta ári. NG sýndi frammistöðuskýrslu Landsnets fyrir 2008 og sagði að þeir hefðu ekki náð markmiðum sínum á árinu aðallega vegna mikilla truflana í aftaka veðri 27. janúar 2008. Hann sagði að þeir þyrftu líklega að hækka markmið sitt hvað varðar SRA stuðulinn vegna mikillar aukningar í notkun hjá stóriðju. Þeir væru að vinna í því að reyna að lágmarka skerðinga sem orsakast af mannlegum þáttum og tæknilegum.
- 3) KRA fór yfir skilgreiningar Orkustofnunar á umfangsmiklum truflunum og sagði að skilgreining á löngum truflunum sem þyrfti að tilkynna, þ.e. skerðing varir lengur en 72 klst. hentaði ekki og nefndi nokkur dæmi þar sem „óvirkur“ notandi hefði orðið fyrir slíku þar sem ekki ætti að vera þörf á að tilkynna. Í fyrra voru 7 slík tilvik sem þeim þætti ekki þörf á að tilkynna. Oft uppgötvast ekki straumleysi fyrr en eftir nokkurn tíma og stundum er samkomulag við notanda um að afhending þurfi ekki að komast á strax en einnig getur notandi ekki verið tilbúinn að taka við orku. Rætt var um ýmsar leiðir til að takmarka slík tilvik svo sem að nota virkan truflanatíma. ÍP ætlar að skoða hvort ekki sé hægt að lagfæra þessa skilgreiningu.
- 4) JV sagði að ekki kæmi fram í handbók um skráningu truflana hvernig ætti að skrá kerfisbilanir. Við úrvinnslu Nordel gagna hefði komið í ljós að ekki er fullt samræmi hvernig slíkt er gert. Hann sagði að alltaf ætti að skrá Engin eining og orsök væntanlega annað hvort Tæknilegt annað eða Kerfi notenda. JV var falið að setja inn skýringar í handbók.
- 5) JV sagðist hafa sótt um lénið truflun.is og væri búinn að fá það. Hann sagði að þar inni væri núna nýja skráningarkerfi rekstrartruflana. GHG og ER hafa prófað þetta kerfi og í kjölfarið hefðu verið gerða ýmsar lagfæringar. Athugasemdir hefðu komið um að kerfið væri seint og væri komin lausn á því og yrði það lagað næstu daga. JV sagðist gera ráð fyrir að halda einnig gamla kerfinu við svo menn gæti annað hvort verið með „Client/Server“ eða Veflausn fyrir skráninguna eða hvort tveggja. Rætt var um uppsetningu hjá veitunum og ákveðið að hver veita fyrir sig tæki ákvörðun um framhaldið hjá sér.

- 6) ÍP sagðist vera að undirbúa beiðni til veitnanna um að fá upplýsingar um það hve margir fjölvirknimælar (smart meters) væru uppsettir í kerfi veitunnar.

ÍP sagðist ekki hafa sent CEER upplýsingar um skerðingu vegna viðhalds og spurði hvort veiturnar hefðu slíkar upplýsingar. Allir sögðust skrá slíkt inn í truflanaskráninguna svo hann gæti fengið þær upplýsingar. SJ benti á að dreifiveiturnar fylgdu ekki reglum um skiptingu milli Fyrirvaralítis viðhalds og Skipulags viðhalds þar sem skilgreiningar hentuðu ekki dreifiveitunum. NG sagði að skilgreiningin hentaði Landsneti. JV var falið að koma með tillögu að breytingu fyrir dreifiveiturnar.

NG spurði hvort vinna væri hafin við að skoða kostnað vegna skorts hjá stóriðju. JV sagðist ekki vera byrjaður á því en þetta er inni í áætlun hópsins og hann gerði ráð fyrir að fara í þetta í sumar.

ES spurði hvert ætti dreifiveita að snúna sér þegar fram koma kvartanir vegna truflana sem eiga rót sína hjá vinnsluaðila. Nokkur umræða varð um þetta en ÍP taldi að þetta þyrfti að fara frá dreifiveitu til Landsnets og þaðan til vinnsluaðila þar sem þetta væri hin virka samskipta/viðskiptaleið. KRÁ sagði að við þyrftum að vera undibúnir undir aukna kröfur um neytendavernd hvað varðar raforkukaup og gæði afhendingar.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinnt:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Frammistöðuskýrsla Landsnets 2008 ([www.landsnet.is](http://www.landsnet.is)).
- Reglugerð um gæði raforku og afhendingaröryggi og skýringar frá Orkustofnun ([www.os.is](http://www.os.is)).
- Vefútgáfa af skráningarkerfi rekstrartruflana ([www.truflun.is](http://www.truflun.is)).

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
ÍP	Skilgreining á langri rekstrartruflun sem senda þarf Orkustofnun skýrslu um.

JV	Setja inn í handbók skýringar á því hvernig á að skrá Kerfisbilun.
JV	Skilgreining á Fyrirvaralitlu viðhaldi fyrir dreifiveitur.